

# ÞINGEYJAR SVEIT

HVAÐ ER  
AÐ FRÉTTA?



FEBRÚAR 2026

# Ríkidæmi Þingeyjarsveitar

## Gunnhildur Hinriksdóttir

verkefnastjóri hjá Þingeyjarsveit  
og formaður Umf. Eflingar



Fyrir um tveimur vikum frumsýndi leikdeild Umf. Eflingar verkið Þrek og tár eftir Ólaf Hauk Símonarson. Hún María Pálsdóttir leikstjóri gerði vel þar, að mati undirritaðrar, í að leikstýra þessum hópi áhugaleikara. Ég mæli með að kíkja í leikhús á Breiðumýri. Alveg eins og ég mæli með að kíkja á opnar söngæfingar (og kannski bara slást í hópinn) hjá Karalakórnum Hreim og Sálubót sem nú hafa verið auglýstar og eru undir stjórn lipurra kórstjóra.

Eða vera með kirkjukórnum, þar mætir undirleikari og æfir hópinn í sínum röddum. Æ, nú fer ég að lenda í vandræðum því einhver mun gleymast. En hvað er samt sameiginlegt með þessum hópum sem ég hef talið upp hér? Jú, hér kemur áhugafólk saman og leikur og syngur, sér og öðrum til gleði og ánægju. Einn þarf jú að stjórna og fær kannski greitt fyrir það, en allir hinir fá greitt með lófaklappi, hlátrasköllum og bliki í augum áhorfenda og þátttakenda – já, innri gleði við að veita öðrum ánægjulega upplifun.

Í þessu felst ríkidæmi okkar hér í Þingeyjarsveit – þetta er menningarstarfið nokkurn vegin í hnotskurn. Áræðnir einstaklingar, hópar, félagasamtök og líka fyrirtæki sem af hugsjón einni liggur við, standa fyrir æfingum, viðburðum og mannamótum, allt árið um kring. Allt til að auðga samfélagið okkar.

“  
*hér kemur áhugafólk  
saman og leikur og  
syngur, sér og öðrum  
til gleði og ánægju*

Samfélag verður ekki samfélag nema íbúar taki þátt. Og hvað á ég að gera í því? Komdu með, vertu með, taktu þátt, sýndu stuðning – vertu partur af okkur. Því þetta er ekki sjálfgefið. Og svo er líka kannski hægt að sækja um styrk!



Leikhópurinn eftir frumsýningu á 'Þrek og tár'

## AF VETTVANGI SVEITARSTJÓRNAR

**Febrúar hefur nú runnið sitt skeið, sveitarstjórn fundar á hálfsmánaðarfresti að jafnaði en fastanefndir funda þess á milli auk fjölda annara funda sem kjörnum fulltrúa er falið að sitja.**

*Jóna Björg Hlöðversdóttir skrifar:*

### Nýtt aðalskipulag

Skipulagsmál eru alltaf fyrirferðarmikil í starfi sveitarstjórnar en á síðasta fundi, þann 26. febrúar samþykkti sveitarstjórn nýtt aðalskipulag Pingeyjarsveitar. Um er að ræða fyrsta aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags. Skútustaðahreppur og Pingeyjarsveit hin eldri höfðu unnið að nýju aðalskipulagi sveitarfélaganna frá því fyrir sameiningu og hefur vinnan tekið tíma.

Sveitarstjórn vill þakka öllum sem hafa komið að gerð skipulagsins fyrir þeirra góða framlag, ekki síst þeim sem hafa lagt á sig vinnu við að skrifa og skila inn ýtarlegum umsögnum á öllum stigum. Það hefur reynst afar gagnlegt. Í jafn stóru og víðfeðmu sveitarfélagi og við búum í er ekki óeðlilegt að skiptar skoðanir séu um skipulagsmál, það var því afar ánægjulegt að sveitarstjórn samþykkti samhljóða aðalskipulagið á fundi síðasta fimmtudag.

### Leikskólinn Tjarnarskjól í varanlegt húsnæði

Eitt af markmiðum sveitarstjórnar á kjörtímabilinu var að koma starfssemi leikskólans í Stórutjarnaskóla, Tjarnarskjóli, í varanlegt húsnæði og var það því mikið gleðiefni að á síðasta sveitarstjórnarfundum var ákveðið að ganga til samninga um framkvæmdir. Stefnt er að starfssemi haustsins hefjist í nýju húsnæði Tjarnarskjóls.



Úlla Árdal, Knútur Emil Jónasson, Gerður Sigtryggsdóttir, Arnór Benónýsson, Jóna Björg Hlöðversdóttir, Gerður Sigtryggsdóttir, Ární Pétur Hilmarsson, Eyþór Kári Ingólfsson, Haraldur Bóasson og Halldór Þorlákur Sigurðsson. Á myndina vantar vantar Ragnhildi Hólm.

### Kosningar 16. maí

Sveitarstjórnarkosningar fara fram 16. maí nk., þar sem ný sjö manna sveitarstjórn verður kjörin til starfa í sveitarfélaginu. Á vefsíðunni [www.kosningar.is](http://www.kosningar.is) er að finna gagnlegar upplýsingar fyrir bæði þau sem hyggjast gefa kost á sér, gögn fyrir framboð og jafnframt fyrir kjósendur.

Meðal mikilvægra dagsetninga eru:

- **8. apríl – viðmiðunardagur kjörskrár – hver munu geta kosið í sveitarstjórnarkosningunum**
- **10. apríl kl 12:00 – framboðsfrestur rennur út**
- **17. apríl – Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst**
- **16. maí – Kjördagur**

Sveitarstjórn hvetur fólk til að gefa kost á sér til sveitarstjórnar, hvort sem það er framarlega á lista eða aftar. Það er samfélaginu til heilla að viðtæk þátttaka sé í kosningum.

### Vetrarhátíð í fullum gangi

Að lokum hvetjum við íbúa sem og aðra til að kynna sér metnaðarfulla dagskrá okkar frábæru Vetrarhátíðar og sækja viðburði sem eru víðsvegar um sveitarfélagið. Við vonum að veðrið leiki við okkur- með nægum snjó!

LITIÐ UM ÖXL

*gamla myndin*

Nr. SPB-4455-37



ÞEKKIR ÞÚ FÓLKID  
Á MYNDINNI?

Hraunsrétt í Aðaldal 1952. Ljósmyndari Sigurður Pétur Björnsson.  
Hvað heita mennirnir?

SENDA ÁBENDINGU



## GAMLI HLUTURINN

### Sundkútur - 1910

Hefur verið festur með leðurólum. Sjá má slíka kúta í notkun á ljósmynd frá Eiríki Þorbergssyni, tekið á sundnámskeiði í Breiðulág á Húsavík í júní 1909.

Eigandi/notandi: Ketill Indriðason, Ytra-Fjalli.  
Gefandi: Indriði Ketilsson.

Nýr fastur liður í fréttabréfinu verður "Litið um öxl", þar sem við fáum annars vegar gamla ljósmynd frá Ljósmyndasafni Þingeyinga og hins vegar mynd og upplýsingar um mun í Byggðasafni S-Þingeyinga. Við ljósmyndina vantar skráningu á ýmist fólki, staðsetningu eða tilefni. Glöggir lesendur sem þekkja til eru beðnir um að senda póst á [skjalasafn@husmus.is](mailto:skjalasafn@husmus.is) með upplýsingum.



MENNINGARMIÐSTÖÐ  
ÞINGEYINGA



# Breyting á meðhöndlun lífræns úrgangs í Þingeyjarsveit

Á tímum aukinnar vitundar um umhverfismál og í ljósi lagasetningar þar sem ekki er lengur heimilt að setja lífrænan úrgang með almennu sorpi, stígur sveitarfélagið nú fyrsta skrefið í innleiðingu nýs fyrirkomulags í meðhöndlun lífræns úrgangs.

Lífrænn úrgangur verður enn sóttur í óbreyttri mynd á hvert heimili í sveitarfélaginu þangað til nýtt sorphirðu-fyrirkomulag kemst í gang. Nýtt fyrirkomulag miðar að því að halda kostnaði í skefjum og draga úr umhverfisáhrifum.

Sorphirðuhringurinn í sveitarfélaginu er um 1.400 km. Sérstök heimtaka á lífrænu sorpi myndi valda miklum viðbótarkostnaði og auka kolefnisspor verulega.

Einnig er unnið að útboði á sorphirðu þar sem búast má við frekar breytingum.

Nánari upplýsingar um þá framkvæmd verða kynntar síðar.



**JARÐGERÐARVÉLAR MEÐ  
50% NIÐURGREIÐSLU**

Sveitarfélagið býður upp á jarðgerðarvélar og niðurgreiðir 50% af kostnaði fyrir þau heimili sem vilja nýta sér þessa lausn. Moltugerðarvélar eru hugsaðar fyrir matar-afganga aðra en stór bein og stóra ávaxtasteina.

[FRÉTT Á HEIMASÍÐU](#)

[ÞJÓNUSTUGÁTTIN](#)

# Hvað tekur við eftir tíunda bekkinn?

Mín skólaganga hefur liðið hægt en á sama tíma hratt. Það er skrítið að vera loksins að útskrifast úr Reykjahlíðarskóla, skólanum sem ég hef verið í frá fyrsta bekk. Ég er mjög hrædd að breyta um umhverfi og kynnast nýju fólki en samt sem áður ótrúlega spennt að fara á nýjan stað, prufa mig áfram og fara út fyrir þægindarammann. Þegar ég lít til baka á allar minningarnar frá yngri árum mínum í Reykjahlíðarskóla man ég ekki mikið, bara ég og vinir mínir að fíflast, ekki mikill lærdómur.

“

*Ég er mjög glöð að hafa verið í Reykjahlíðarskóla, þar sem þetta er fámennur skóli fær maður mjög góða hjálp og hefur mikið frelsi*

Ég átti alltaf erfitt með stærðfæði og þurfti ég auka hjálp, en kennararnir voru alltaf til staðar og hjálpuðu mér. Ég finn að kennurunum langi alltaf að mér gangi og líði vel í skólanum ásamt í lífinu og hefur það verið stöðugleiki í gegnum árin. Þlönin mín fyrir framtíðinni eru eiginlega ekki til því ég veit ekkert hvað mig langar að gera, og það er bara allt í lagi. Ég er samt búin að ákveða að ef ég vel eitthvað starf, sem mér kannski líkar svo ekki við, þá mun ég bara skipta og prófa eitthvað annað. Maður þarf ekki að festa sig við eitthvað eitt starf, það er allvegana það sem ég held. Þetta er nú mitt líf svo ég ætla að reyna að prófa sem flesta hluti og gera það sem mér finnst skemmtilegt. Ég er mjög glöð að hafa verið í Reykjahlíðarskóla, þar sem þetta er fámennur skóli fær maður mjög góða hjálp og hefur mikið frelsi. Þessi skóli hefur verið góður grunnur út í lífið.

## UNGA FÓLKID OKKAR



**Maríon Edda Stefánsdóttir**  
10. bekk, Reykjahlíðarskóla



## NÝTT STARFSFÓLK HJÁ SVEITARFÉLAGINU

**BRYNJA DÖGG  
INGÓLFSDÓTTIR****Hver er og hvaðan?**

Brynja Dögg Ingólfssdóttir. Kem úr Reykjavík en bjó á Höfn síðustu fimm árin

**Hvaða starfi ætlar þú að sinna?**

Ég er skipulagsfulltrúi

**Hver er þinn uppáhaldsstaður í Pingeyjarsveit?**

Aldeyjarfoss

**Hvernig er fullkominn dagur í Pingeyjarsveit að þínu mati?**

Ég myndi njóta náttúrunnar. Fara upp að Aldeyjarfossi, skoða Mývatnssveitina og fara upp á Peistareyki. Svo myndi ég fara á einhvern af veitingastöðunum í sveitarfélaginu - ég hef ekki verið hér nógu lengi til þess að vera búin að velja mér uppáhalds, en hlakka mikið til að prófa þá alla!

**Brynja hóf störf sem skipulagsfulltrúi 1. október síðastliðinn. Hún hefur viðtæka reynslu af skipulagsmálum og hefur unnið sem ráðgjafi hjá Landform og Eflu verkfræðistofu og s.l. 5 ár sem umhverfis- og skipulagsstjóri hjá Sveitarfélaginu Hornafirði.**

**Brynja er með B.Sc. í umhverfisskipulagi frá Landbúnaðarháskóla Íslands og er að ljúka M.Sc í skipulagsfræði.**

## TILKYNNING

## UPPLIFIR ÞÚ SKERÐINGU Á SÍMASAMBANDI?

Þessi misserin er verið að fasa út eldri farsímanetum, 2G og 3G, en við þá útfösun getur orðið breyting á þjónustu farneta víða um land. Mikilvægt er að íbúar láti vita ef vart verður við verri tengingu, sambandsleysi eða öðrum truflunum, svo hægt sé að bregðast við og tryggja að fjarskiptapjónusta sé sem best alls staðar.

[LESA FRÉTT](#)[TILKYNNNA](#)



Hátíðin hófst á hópreið frá Álftabáru út í Hrútey


# Smekkfull dagskrá á Vetrarhátíð við Mývatn!

**Vetrarhátíðin hófst um helgina, en hún stendur til 8.mars næstkomandi. Dagskráin er fjölbreytt, en fastir liðir eins og hestamótið Mývatn open og íslandsmeistaramót hundasleða eru á sínum stað.**

Hátíðin hefur fest sig í sessi undanfarin ár, en hún teygir sig yfir tvær helgar og dagana þar á milli. „Margir viðburðir eru mjög fjöl-skylduvænir, en það verður pop-up af sýndar-veruleika um Sturlungaöld á Gíg, buggybilar og Go-Kart á ís, skíðasvæðið í Kröflu verður opið og svo verður hægt að hlýja sér á strangheiðarlegu kaffihlaðborði,“ segir Hulda María Þorláksdóttir, verkefnastjóri hátíðarinnar.

„Áherslan er vissulega á útiveru og að njóta vetrardýrðarinnar saman, en einnig eru margir viðburðir innandyra og ég held að það hljóti bara að vera eitthvað fyrir alla!“

*Vetrarhátíð við Mývatn er í boði Þingeyjarsveitar og skipulögð af Mývatnsstofu.*



Buggysýning á Stakhólstjörn tókst mjög vel



**DAGSKRÁIN**

# Ert þú með hugmynd?



## AUGLÝSUM EFTIR STYRKUMSÓKNUM!

Langar þig að gera eitthvað frábært á sviði íþróttá- og æskulýðsstarfs eða lista- og menningarstarfs?

Nú hefur verið opnað fyrir umsóknir um styrk.

**FRESTUR: 12. MARS**

**SÓTT UM Á ÞJÓNUSTUGÁTTINNI**

Frekari upplýsingar veitir Gunnhildur Hinriksdóttir, verkefnastjóri æskulýðs-, tómstunda- og menningarmála.

✉ [gunnhildur@thingeyjarsveit.is](mailto:gunnhildur@thingeyjarsveit.is)

☎ 512-1800



## NÝTT STARFSFÓLK HJÁ SVEITARFÉLAGINU



**HAFLIÐI EMIL  
BARÐASON**

### **Hver er og hvaðan?**

Hafliði Emil Barðason, fæddur og uppalinn Vestfirðingur og Súðvíkingur. Búsettur á Norðurlandi 6 ár og 10 ár í Reykjavík síðan 2010.

### **Hvaða starfi ætlar þú að sinna?**

Ætli það stefni ekki hraðbyr í að ég verði sérfræðingur í hitaveituvioðgerðum í Mývatnssveit.

### **Hver er þinn upphaldsstaður í Þingeyjarsveit?**

Það sem ég kalla nú heim, Vallakot.

### **Hvernig er fullkominn dagur í Þingeyjarsveit að þínu mati?**

Sumardagur, heiðarleg sveitastörf, sá stutti 4ra ára spókar sig á brókinni allan daginn og sver steik á grillinu.

## Þjónustugáttin einfaldar málin!

### ÞAÐ SEM ER KOMIÐ Í GÁTTINA:

Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi

Umsókn um skipulag

Umsókn um framkvæmdaleyfi

Senda fyrirspurn til umhverfis- og skipulagsnefndar



**HLEKKUR  
Á ÞJÓNUSTU-  
GÁTTINA**

# Viðraðu þína hugmynd!



Tækifæri til verðmætasköpunar í ferðapjónustu í Þingeyjarsveit eru fjölmörg. Viltu spjalla um þína hugmynd og athuga möguleikana?

12. mars

📍 Gígur, Þingeyjarsveit



Bókaðu frían tíma



## Hittu ráðgjafa SSNE í Gíg

Arnheiður Rán Almarsdóttir og Hildur Halldórsdóttir gefa góð ráð varðandi þína hugmynd. Styrkjámöguleika, næstu skref, tengslanet o.fl. Það kostar ekkert að taka þátt, en það þarf að bóka tíma.

Frekari upplýsingar: [arnheidur@ssne.is](mailto:arnheidur@ssne.is) / [hildur@ssne.is](mailto:hildur@ssne.is)



SSNE  
Samtök sveitarfélaga G atvinnuþróunar  
á Norðurlandi eystra



# ÓSKUM EFTIR SKÓLASTJÓRA VIÐ STÓRUTJARNASKÓLA Í ÞINGEYJARSVEIT



**Leitað er að drífandi og traustum einstaklingi með góða þekkingu á skólastarfi til að leiða skapandi skólastarf og virkja þátttöku skólans í samfélagslegum nýsköpunarverkefnum í anda sjálfbærrar þróunar.**

## HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Fagleg forysta og þróun skólastarfs í samræmi við lög um grunnskóla, aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Þingeyjarsveitar
- Daglegur rekstur, stjórnun og starfsmannamál
- Leiða starf í framsæknu skólasamfélagi sem nýtir styrkleika sem felast í fjölbreyttri náttúru og sterku samfélagi
- Samstarf við aðila innan skólasamfélagsins
- Önnur verkefni í samráði við yfirmann

## MENNTUNAR- OG HÆFNIKRÖFUR

- Leyfisbréf sem kennari og starfsreynsla á sviði kennslu
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi t.d. á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- eða menntunarfræða er kostur
- Reynsla af stjórnun, stefnumótun og áætlanagerð
- Áhugi og reynsla af skólaþróun og framsæknu skólastarfi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni
- Hugmyndaauðgi og frumkvæði
- Góð færni í samskiptum og leiðtogahæfileikar
- Mjög góð íslenskukunnátta í töluðu og rituðu máli

Stórutjarnaskóli stendur í Ljósavatnsskarði í um 20 mínútna akstursfjarlægð frá Akureyri.

Stórutjarnaskóli er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli með um 45 nemendum frá eins árs til 16 ára aldurs og 24 starfsmenn. Öll starfsemi skólans er í sama húsnæði.

**Skólinn er Grænfánaskóli og Heilsueflandi skóli. Unnið er í teyrum og verið er að innleiða leiðsagnarnám. Lögð er áhersla á að búa nemendum og starfsfólki fjölbreytt leik-, náms- og starfsumhverfi sem eflir alhliða heilsu og þroska. Mikið samstarf er milli námshópa innan skólans og er skólinn í góðu samstarfi við nágrannaskóla sína og samfélagið í sveitinni.**

SÓTT ER UM Á [WWW.MOGNUM.IS](http://WWW.MOGNUM.IS)

STARFSHLUTFALL

**100 %**

FRESTUR:

**13. MARS**

# Félagsstarf 60 ára og eldri í Þingeyjarsveit



**Stórutjarnaskóli - Þingeyjarskóli** Opin hús eru á þriðjudögum til skiptis í Stórutjarnaskóla og Þingeyjarskóla

**3. mars - Stórutjarnaskóli**

**10. mars - Þingeyjarskóli**

**17. mars - Stórutjarnaskóli**

**24. mars - Þingeyjarskóli**

**31. mars - Dymbilvika/Páskafrí**

Hádegismatur kl. 12:45 í Stórutjarnaskóla (464 3222)

kl. 13:00 í Þingeyjarskóla (464 3583).

**Þeir sem ætla að fá hádegismat þurfa að panta fyrir hádegi á mánudeginum fyrir samverustund.**

Hádegismatur kostar 875 kr. á mann

og verður innheimtur með kröfu í banka á 2-3 mánaða fresti.

Boccia hefst kl. 12:00 í Stórutjarnaskóla þegar samvera er þar.

Minum á facebook síðu okkar sem heitir „**Félagsstarf 60+ í Þingeyjarsveit**” en þar setjum við inn ýmsar upplýsingar.

Bestu kveðjur,

Hanna Magga (863 3381)

Svana (898 0463)

## **Mývatnssveit:**

Samvera alla miðvikudaga á


Hlíðavegi 6 í Reykjahlíð

frá 13:30 - 16:30



**Leikfimi eldri borgara í  
íþróttamiðstöðni í  
Reykjahlíð er á mánudögum  
og miðvikudögum  
kl. 12:30 - 13:30**

# VILT ÞÚ VERA FLOKKSTJÓRI VINNUSKÓLANS Í SUMAR?



## HELSTU VERKEFNI:

- Stjórna starfi nemenda vinnuskólans, leiðbeina þeim og fræða þau um rétt vinnubrögð og verkþætti í starfinu í samráði við umsjónarmenn áhaldahúss
- Sinna verkefnum við hreinsun á umhverfi sem og almennum garðyrkjustörfum
- Vinna markvisst að því að efla liðsheild og góða líðan nemenda

## HÆFNISKRÖFUR:

- Bílpróf er skilyrði sem og kerrupróf
- Vera góð fyrirmynd
- Stundvísi og vinnusemi
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Hreint sakavottorð

## UMSÓKNIR OG FYRIRSPURNIR UM STARFIÐ:

Gunnhildur Hinriksdóttir, verkefnastjóri æskulýðs-,  
tómstunda- og menningarmála

[gunnhildur@thingeyjarsveit.is](mailto:gunnhildur@thingeyjarsveit.is) - 512-1800

FRESTUR  
**15. MARS**

# Korttaflan



'Voru allir hér'  
verður sýnd í Bróttó  
1. mars kl. 20 og  
3. mars kl. 17

FRÍTT  
INN!



SKOÐA  
DAGSKRÁ



Fylgdu  
Þingeyjarsveit  
á Facebook:



**Þrek og tár**

Leikstjórn María Pálsdóttir  
Tónlistarstjórn Pétur Ingólfsson

Takmarkaður sýningafjöldi

Næstu sýningar:

- Þriðjudagur 24. feb. kl. 20:00
- Föstudagur 27. feb. kl. 20:00
- Sunnudagur 1. mars kl. 16:00
- Föstudagur 6. mars kl. 20:00
- Laugardagur 7. mars kl. 16:00
- Sunnudagur 8. mars kl. 16:00
- Sunnudagur 15. mars kl. 16:00
- Fimmtudagur 19. mars kl. 20:00
- Sunnudagur 22. mars kl. 16:00

**TICKET**

Miðaverð:  
Hefðbundið miðaverð 4500  
Eldri borg og öryrkjar 4000  
Grunn- og leikskólabörn 3000  
Hópar 10+ 4000  
Félagar í Framsýn fá afslátt af  
hefðbundnu miðaverði gegn framvisun  
miða sem má nálgast hjá Framsýn

umfelling@gmail.com  
s. 618-0847

Leikdeild Umf. Eflingar

Kvenfélag Reykdæla verður kaffi- og  
vöfflusölu fyrir sýningar og í leikhléi



## FUNDADAGATAL ÞINGEYJARSVEITAR

### MARS

3. Íþrótt- og tómstundanefnd
4. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd
5. Umhverfisnefnd
12. Sveitarstjórn
18. Skipulagsnefnd
19. Fræðslu- og velferðarnefnd
26. Sveitarstjórn

Smelltu [HÉR](#) til að lesa síðustu fundargerðir.

Allar fundargerðir nefnda má finna á [thingeyjarsveit.is](http://thingeyjarsveit.is)

## Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Þeirsdóttir-hlaupastelpan@is.is - s: 8953386

Við minnum á að Hlaupastelpan birtist rafrænt á heimasíðu Þingeyjarsveitar og kemur að jafnaði út vikulega.

## Eftirtaldir starfsmenn verða með viðveru í Mývatnssveit sem hér segir í mars:

### Gerður Sigtryggisdóttir Sveitarstjóri

hefur viðveru samkvæmt samkomulagi í febrúar.

### Rögvaldur Harðarson byggingarfulltrúi

hefur viðveru 17. mars. Hægt er að óska eftir viðtalstíma í Gíg.

### Brynja Dögg Ingólfssdóttir skipulagsfulltrúi

hefur viðveru 17. mars. Hægt er að óska eftir viðtalstíma í Gíg.

### Hjördís Albertsdóttir, sviðstjóri fjölskyldusviðs

hefur viðveru á föstudögum í mars í Gíg.

Hægt er að bóka viðtalstíma á öðrum dögum eftir samkomulagi. Beiðnir um viðtalstíma sendist á netfangið: [thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is](mailto:thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is) eða í síma 512 1800



Skráðu þig á póstlista sveitarfélagsins **HÉR** og fáðu allar fréttir sendar beint til þín!



FYLGDU  
ÞINGEYJARSVEIT Á  
INSTAGRAM OG  
FACEBOOK



Fréttabréf Þingeyjarsveitar 3. árg. 2. tbl.

Ritstj. og ábyrgðamaður: Gerður Sigtryggisdóttir sveitarstjóri

Umsjón: Mývatnssstofa - Rakel Hinriksdóttir

Þingey, Þingeyjarsveit

Sími: 512 1800

Netfang: [thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is](mailto:thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is)